

nr. 4817/1981 verði úr gildi felld og þinglýsingardóm-
ara verði gert að afmá þinglýsingu skjalsins, er tekin
til greina.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Þriðjudaginn 10. nóvember 1981.

Nr. 216/1980. Ákærvaldið

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

Bjarna Leifi Péturssyni

(Jón E. Ragnarsson hrl.).

Líkamsárás.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Svein-
björnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús
Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Héraðsdómi var að ósk ákærða skotið til Hæstaréttar,
en einnig áfrýjað af hálfu ákærvalds til þyngingar.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný skjöl, þar
á meðal nýtt sakavottorð ákærða. Ber það með sér, að
eftir uppkvaðningu héraðsdóms hefur ákærði sex sinnum
verið dæmdur í sakadómi Reykjavíkur til refsingar fyrir
brot gegn almennum hegningarlögum nr. 19/1940: Hinn
19. júní 1980 var hann dæmdur í tveggja mánaða fangelsi
fyrir brot gegn 155. gr., 244. gr., 245. gr. og 248. gr., hinn
9. júlí s. á. í fjögurra mánaða fangelsi (hegningarauka) fyr-
ir skjálafals, hinn 6. nóvember 1980 í tólf mánaða fang-
elsi fyrir brot gegn 252. gr., hinn 24. nóvember s. á. í fjög-
urra mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr., 254. gr. og
217. gr., hinn 22. desember 1980 í átta mánaða fangelsi fyr-
ir brot gegn 155. gr., 244. gr. og 254. gr., og hinn 22. maí

1981 var hann dæmdur fyrir skjálafals í sex mánaða fangelsi (hegningarauka). Þá var fjögurra mánaða fangelsisdómi þeim fyrir skjálafals, er ákærði hlaut í sakadómi Reykjavíkur 24. janúar 1980, skotið til Hæstaréttar, og var refsing þyngd þar 16. október 1980 í sex mánaða fangelsi.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, sbr. og 72. gr. almennra hegningarlaga, en ákærði er vanaafbrotamaður.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 2.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 2.500.00 krónur.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Bjarni Leifur Pétursson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 2.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns E. Ragnarssonar hestaréttarlögmanns, 2.500.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 22. maí 1980.

Ár 1980, fimmtudaginn 22. maí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 273/1980: Ákærvaldið gegn Bjarna Leifi Péturssyni, sem tekið var til dóms 7. þ. m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 17. janúar sl., á hendur ákærða, „Bjarna Leifi Péturssyni, Loka-stíg 17 í Reykjavík, fæddum 15. júní 1958 þar í borg, fyrir líkamsárás með því að hafa þriðjudagskvöldið 8. maí 1979, er ákærði var staddur við húsið nr. 6 við Vesturgötu í Reykjavík, fengið tvo ónefnda menn til þess að halda Jóni Erni Guðmundssyni, fæddum 4. nóvember 1949, föstum og að hafa þá sparkað þrisvar í millum fóta honum án nokkurs tilefnis af hálfu Jóns Arnar, þannig að hluti af hægra eista hans rifnaði frá, og varð eistað ónýtt að mestu.

Telst þetta varða við 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta, verði þeirra krafist, og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Málavextir eru þessir:

Hinn 31. maí sl. kom Jón Örn Guðmundsson verkamaður, Austurgerði 10 í Reykjavík, á fund rannsóknarlögreglu ríkisins til að kæra líkamsárás, sem hann hafði orðið fyrir 8. maí næst liðinn um kl. 22 við Vesturgötu í Reykjavík. Samkvæmt frásögn Jóns Arnar höfðu afleiðingar árásarinnar leitt til þess, að taka varð stóran hluta af öðru eista hans.

Jón Örn skýrði svo frá, að hann hefði verið að fara töluvert ölvaður í veitingahúsið Naust. Á leiðinni vestur Vesturgötu mætti hann þrem piltum fyrir utan Vesturgötu 6. Jón Örn þekkti ekki þessa pilta, en gaf sig samt á tal við þá, og tóku þeir það eitthvað óstinnt upp. Skipti engum togum, að tveir piltanna réðust að Jóni Erni og héldu honum föstum með því að halda undir sin hvora hönd hans, en þriðji pilturinn sparkaði að sögn Jóns Arnar þrisvar upp á milli fóta hans, á meðan hann var að reyna að losa sig frá piltunum. Jón Örn fann til mikils sársauka, og fóru piltarnir frá eftir þetta.

Jón Örn hélt nú í veitingahúsið Naust og fékk að setjast þar niður í fatageymslunni smástund, en síðan gekk hann að veitingahúsinu Óðali, þar sem hann fór inn og dvaldi í ca klukkustund. Var Jón Örn þá orðinn mikið kvalinn og það þjón veitingahússins að hringja fyrir sig á leigubifreið. Gerði hann það, og fór Jón Örn heim til sín með henni. Jón Örn reyndi síðan að sofa um nóttina, en gat lítið sofið vegna sársauka. Morguninn eftir fór hann á slysadeild Borgarspítalans og var þá lagður inn á sjúkrahúsið, þar sem hann gekkst undir skurðaðgerð.

Jón Örn sagði, að þegar hann hefði komið í Óðal þetta kvöld, hefði hann séð piltinn, sem sparkaði í hann, og hefði hann verið að tala við stúlku, sem hann kannaðist við, frá því að hann var með henni í Menntaskólanum á Akureyri. Jón Örn nafngreindi stúlkuna, en hún hét Ingibjörg Guðmundsdóttir. Jón Örn kvaðst hafa spurt Ingibjörgu að því, eftir að hann kom heim af sjúkrahúsinu, hvaða piltur það hefði verið, sem hún var að tala við í Óðali, og hefði hún þá sagt honum, að hann

hétu Bjarni Pétursson og ætti móðir hans heima að Njálsgötu 20 í Reykjavík.

Jón Örn tók það fram, að hann hefði talað við Ingibjörgu í Óðali og sagt henni frá því, að þessi piltur hefði sparkað í sig fyrr um kvöldið, en hann þá ekki gert sér grein fyrir því, hversu alvarlegt þetta var.

Jón Örn kvaðst ekki treysta sér til að þekkja piltana aftur, en hann myndi, að sá, sem sparkaði í hann, hefði verið dökkhærður og dökkur yfirlitum, klæddur í rauðan jakka og svartar buxur. Frekari lýsingu gat Jón Örn ekki gefið á piltinum.

Laugardaginn 2. júní sl., kl. 2014, var ákærði, Bjarni Leifur Pétursson, handtekinn af lögreglumönnum í Reykjavík í versluninni Círo að Bergstaðastræti 54, og var hann lítils háttar ölvaður. Ástæðan fyrir handtöku hans var sú, að rannsóknarlögregla ríkisins hafði látið lýsa eftir honum vegna máls þessa. Ákærði var færður í fangageymslu lögreglunnar í Reykjavík og rannsóknarlögreglu ríkisins tilkynnt um handtökuna.

Vitnið Ingibjörg Guðrúnardóttir Guðmundsdóttir félagsmála-fulltrúi, nú að Silfurgötu 7 á Ísafirði, kom á skrifstofu rannsóknarlögreglu ríkisins 1. júní sl. og skýrði svo frá, að það hefði verið statt í Óðali umrætt kvöld ásamt vinkonu sinni. Vitnið sagði, að á milli klukkan 2230 og 2300 hefði Jón Örn vikið sér að því og kynnt sig, og þá kom í ljós, að þau hefðu verið saman í Menntaskólanum á Akureyri. Vitnið kvaðst ekki þekkja Jón Örn mikið, en kannaðist þó við hann, er hann kynnti sig. Vitnið kvað Jón Örn hafa verið töluvert ölvaðan, og ræddu þau eitthvað saman, og m. a. skýrði vitnið svo frá, að Jón Örn hefði sagt því frá því, að fyrr um kvöldið hefði verið ráðist á hann og sparkað í punginn á honum. Átti þetta að hafa gerst einhvers staðar úti við, en ekki mundi vitnið, hvort hann tilgreindi einhvern sérstakan stað. Vitninu fannst einhvern veginn, að Jóni Erni liði illa, og ráðlagði það honum því að fara á slysavæðstofuna.

Á meðan vitnið og Jón Örn voru að ræða saman, kom að þeim piltur, sem vitnið kannaðist við, frá því að það var á Ísafirði, og var það ákærði. Hann gaf sig á tal við vitnið, því að það þekkti hann ekki að fyrrabragði, og mundi vitnið, að einhver piltur var með honum, en ekki mundi vitnið, hvernig hann leit út. Kom Jón Örn þá til þeirra og sagði vitninu, að þetta væri pilturinn, sem sparkað hefði í hann. Vitnið kvaðst hafa spurt

ákærða að því, hvort það væri rétt, og játaði hann því, og minnti vitnið, að hann hefði sagt, að þeir hefðu verið að rifast um brennivínsflösku. Ekki varð meira úr þessum samræðum, nema að vitnið spurði ákærða að því, hvernig systir hans hefði það, en síðan fóru vitnið og vinkona þess burt af Óðali.

Að mati vitnisins var ákærði undir áhrifum áfengis. Vitnið mundi eftir því, að ákærði var í rauðum bol eða skyrtu, dökkum jakka utan yfir, og einnig var hann í dökkum buxum. Vitnið mundi, að skyrtan eða bolurinn var eldrauður og frekar áberandi.

Ákærði var yfirheyrður árdegis sunnudaginn 3. júní sl. af rannsóknarlögreglunni, og skýrði hann þá svo frá, að hann myndi eftir því að hafa lent í átökum við mann á Vesturgötu í Reykjavík fyrir nokkru síðan. Ákærði kvaðst muna eftir því, að hann hefði verið að ganga austur Vesturgötu ásamt kunningjum sínum frá Ísafirði eða Hnífsdal, er hétu Snæbjörn og Ingi, en ekki mundi ákærði föðurnöfn þeirra eða hvar þeir ættu heima fyrir vestan. Sagði ákærði, að þeir hefðu allir verið ölvaðir, og minnti ákærða, að hann hefði einnig verið undir áhrifum lyfja.

Ákærði mundi eftir því, að þeir mættu manni á Vesturgötunni, og minnti ákærða, að það hefði verið skammt vestan við veitingahúsið Naust. Ákærði sá, að maðurinn var með áfengisflösku og einnig, að hann var mjög ölvaður. Ákærði kvaðst hafa gengið að manninum og tekið af honum flöskuna. Maðurinn vildi ekki setta sig við það, og tóku þá Snæbjörn og Ingi manninn og héldu honum, en ákærði sparkaði í hann. Ákærði kvaðst hafa ætlað að sparka í magann á manninum, en verið gæti, að hann hefði ekki hitt og sparkið því lent á milli fóta hans. Ákærði mundi, að maðurinn féll í götuna, eftir að ákærði sparkaði í hann, og að hann hefði sparkað í hann aftur, þar sem hann lá í götunni. Ákærði sagði, að þeir hefðu síðan farið frá manninum, þar sem hann lá í götunni, en ekki vissi ákærði, hvað varð af honum eftir það. Ákærði sagði, að þegar þeir hefðu farið frá manninum, hefði hann verið í keng á götunni, en ekki fannst ákærða hann vera meðvitundarlaus.

Ákærði mundi ekki, hvort hann bað þá Snæbjörn og Inga að halda manninum, á meðan hann sparkaði í hann. Ákærði sagði, að þeir hefðu haldið honum þannig, að þeir tóku undir sín hvora hönd hans, á meðan ákærði sparkaði í hann, og slepptu honum síðan, þannig að hann féll í götuna.

Eftir að ákærði og félagar hans yfirgáfu manninn liggjandi

í götunni, héldu þeir í veitingahúsið Óðal við Austurvöll, og minnti ákærða, að þá hefði áfengisflaska mannsins verið í þeirra höndum. Ákærði mundi ekki eftir, að hann hefði talað við neinn sérstakan í Óðali þetta kvöld, og heldur ekki eftir því að hafa hitt manninn, sem hann sparkaði í, þar.

Ákærði sagði, að maðurinn, sem hann hefði sparkað í, hefði verið á aldrinum 20—30 ára, ljóshærður, en ekki mundi ákærði eftir, hvernig hann var klæddur.

Í lok yfirheyrslunnar skýrði ákærði svo frá, að hann hefði skýrt frá því, sem hann best myndi varðandi þennan atburð og væri það sannleikanum samkvæmt.

Yfirheyrslan yfir ákærða hjá rannsóknarlögreglunni þennan morgun tók rúma klukkustund.

Síðdegis þennan dag var ákærði færður til yfirheyrslu í dóm-inum, og er framburður hans þá bókaður orðrétt á þessa leið:

„Kærði skýrir frá því, að hann hafi verið á ferli á Vesturgötu ásamt tveimur félögum sínum fyrir nokkru síðan. Kærði kveður það vel fá staðist, að þetta hafi verið 8. maí s.l. Kærði var bæði undir áhrifum áfengis og eiturlyfja. Kærði kveður þá hafa hitt þarna mann, sem hann ekki þekkti, og var hann mjög ölvaður. Maðurinn var með áfengisflösku, og tók kærði hana af honum. Maðurinn vildi ekki una þessu, og tóku félagar kærða, sem heita Snæbjörn og Ingi, þá í manninn og héldu honum föstum. Kærði kveðst hafa ætlað að sparka í maga mannsins, en verið gæti, að sparkið hafi lent milli fóta hans. Kærða minnir, að hann hafi sparkað tvisvar í manninn, á meðan hann stóð uppi, og einu sinni, eftir að hann féll í götuna. Maðurinn lá einhvern veginn í götunni, þegar kærði og félagar hans fóru á brott, og segir kærði, að hann hafi verið með meðvitund. Kærði kveðst ekki muna, hvort hann bað þá Snæbjörn og Inga að halda manninum, á meðan hann sparkaði í hann, eða hvort þeir gerðu það ótilkvaddir. Kærði kveður mann þann, sem hann sparkaði í, hafa verið ljóshærðan á aldrinum 20—30 ára, en nánari upplýsingar getur hann ekki gefið um hann.

Kærða er kynnt skýrsla hans hjá rannsóknarlögreglu frá því í dag, og kveðst hann staðfesta hana í öllum atriðum“.

Í lok þessarar yfirheyrslu var ákærði úrskurðaður í gæsluvarðhald til 8. júní sl., klukkan 17, og sat hann í gæsluvarðhaldi þann tíma, eða 5 daga.

Rannsóknarlögreglan hélt áfram rannsókn málsins, og var reynt að hafa upp á mönnum þeim, er ákærði hafði nefnt, að

hefðu verið með honum umrætt sinn. Í því sambandi ræddi Sigurbjörn Víðir Eggertsson rannsóknarlögreglumaður hinn 5. júní við Friðrik Hermannsson, lögregluvarðstjóra á Ísafirði, og sagði hann, að hér væri sennilega um að ræða Snæbjörn Friðbjarnarson og Ingvar Friðbjörn Sveinsson, báða í Hnífsdal.

Friðrik lögregluvarðstjóri kvaðst hafa athugað hjá foreldrum piltanna, hvort þeir hefðu verið í Reykjavík umræddan dag, og hefðu foreldrarnir talið, að svo hefði verið.

Friðrik upplýsti, að Snæbjörn væri skipverji á m/b Orra, ÍS 20, og Ingvar Friðbjörn væri skipverji á m/b Víkingi, ÍS 280. Væru þessi skip bæði væntanleg til Ísafjarðar laugardaginn 9. júní.

Sigurbjörn Víðir Eggertsson rannsóknarlögreglumaður yfirheyrði báða mennina í lögreglustöðinni á Ísafirði laugardaginn 9. júní sl., og könnuðust þeir hvorugur við að hafa verið með ákærða umrætt sinn.

Snæbjörn, til heimilis að Bakkavegi 12 í Hnífsdal, upplýsti, að hann hefði um þessar mundir stundum verið mikið drukinn og þegar hann væri í því ástandi, myndi hann ekki eftir því, sem gerðist, og gæti hann hvorki jatað né neitað því að hafa lent í átökum við einhvern mann á Vesturgötu 8. maí ásamt ákærða og Ingvari Friðbirni, en hann kannaðist við að hafa verið með ákærða við mikla áfengisdrykkju í maí.

Ingvar Friðbjörn, til heimilis að Dalbraut 12 í Hnífsdal, sagði, að hann myndi eftir að hafa verið sjónarvottur að því, þegar ákærði sparkaði í mann fyrir utan Hótel Borg, en ekki kannaðist hann við að muna eftir því að hafa verið með honum í aðför að manni á Vesturgötu.

Snæbjörn var yfirheyrður aftur næsta dag og mundi eftir því að hafa verið með ákærða og Ingvari Friðbirni, þegar ákærði sparkaði í mann fyrir utan Hótel Borg, en ítrekaði, að hann minntist þess ekki að hafa verið með ákærða, þegar hann hefði sparkað í mann á Vesturgötu, og teldi hann, að þar væri hann að rugla saman mönnum.

Hinn 23. október sl. var ákærði enn yfirheyrður af rannsóknarlögreglu ríkisins, og kvaðst hann engu hafa við fyrri skýrslur sínar að bæta frá 3. júní sl. og væri það rétt og satt og eftir bestu vitund, sem hann hefði þá sagt.

Ákærði kvaðst hafa verið ölvaður, þegar þetta gerðist, og hefði hann verið búinn að vera undir áhrifum áfengis í ca tvo mánuði svo og lyfja. Þá kvaðst ákærði muna eftir atviki því, sem

Ingvar Friðbjörn og Snæbjörn minntust á, að hefði gerst fyrir utan Hótel Borg. Kvað hann það spark hafa lent í maga mannsins, sem hefði gengið í burtu beinn í baki og ómeiddur.

Ákærði sagði, að hann minnti, að Snæbjörn og Ingvar Friðbjörn hefðu verið með honum á Vesturgötunni, en ekki þyrði hann þó að fullyrða það, því að á þessum tíma hefði hann verið mjög ruglaður vegna áfengis- og lyfjaneyslu. Kvaðst hann hafa tekið inn valium, artane, mebumanaxtri, mepumalnatrium og þá hefði hann sprautað sig með amfetamini í æð. Loks kvaðst ákærði hafa tekið eprini og mirapont og drukkið mixtúru cloral.

Ákærði upplýsti í þessari yfirheyrslu, að hann hefði hitt Jón Örn á fundi hjá AA samtökunum og síðar í veitingahúsinu Óðali. Hefði hann sagst ætla að draga kærana til baka, þar sem hann sæi sér engan hagnð í því, að ákærði fengi dóm fyrir árássina.

Lagt hefur verið fram í málinu vottorð Jónasar Magnússonar, læknis á skurðlækningadeild Borgarspítalans, um meiðsli Jóns Arnar, dagsett 7. júlí sl. Í því segir svo:

„Sjúklingur, sem var við skál, lenti í ryskingum fyrir utan veitingahúsið Naustið. Var síðan lagður inn í skyndingu á Skurðdeild Borgarspítalans af Slysadeild Borgarspítalans þann 9.5.'79. Sjúkl. segist hafa fengið spark í klofið.

Ástæða innlagningarinnar var sú, að hann hafði mjög bólginnað, meira hæ. megin, og var þar mjög aumur og marinn. Hann var lagður inn á deildina, og þann 15.5.'79 er skorið inn í hæ. eista, þar sem bólga hjadnaði ekkert þennan tíma, og kom þá í ljós, að neðri helmingur eistans var rifinn af og dauður. Það var saumað fyrir sárið í efri pól hæ. eistans og sárinu lokað. Síðan jafnaði sjúkl. sig hægt og rólega og var útskrifaður þann 23.5.'79, þá við sæmilega líðan.

Afleiðingar þessa slyss eru þær, að ekkert samband er nú milli eistans og sáðrásarinnar hæ. megin, og getur því þetta eista ekki starfað rétt. Það getur þó starfað eins og innkirtill, þ. e. a. s. framleitt hormón á eðlilegan hátt. Sjúkl. var dálítið bólginnað í öllum pungi, en vi. megin virtist eista vera eðlilegt við þreifingu, og var ekki opnað inn á það“.

Jón Örn Guðmundsson lýsti því yfir með bréfi, dagsettu 2. nóvember sl., að hann óskaði eftir að draga kærana til baka.

Við meðferð málsins skýrði ákærði svo frá, að hann myndi ekkert eftir atburði þeim, sem ákært væri fyrir, og vissi hann ekki einu sinni, hvar Vesturgata 6 væri. Kvaðst hann hafa ver-

ið yfirheyrður vegna málsins tæpum mánuði eftir að atburðurinn gerðist. Sagði ákærði, að sá, sem rannsakaði málið og yfirheyrði hann, hefði leitt yfirheyrsluna. Sagðist ákærði ekkert muna eða hafa munað eftir umræddum atburði og hefði skýrslan verið sett upp sem frásögn hans, en byggist á getgátum, sem hann hefði viðurkennt, að hefðu getað átt sér stað. Ítrekaði ákærði, að hann myndi ekkert eftir margnefndum atburði.

Ákærða voru sýndar skýrslur þær, er eftir honum voru hafðar hjá rannsóknarlögreglunni. Ákærði kannaðist við undirskrift sína undir skýrslunum, sem hann ítrekaði, að væru til komnar með áðurgreindum hætti.

Ákærði kvaðst hafa óskað eftir því við skýrslutakann síðar að fá að taka framburð sinn til baka, en hann hefði sagt, að slíkt væri þýðingarlaust.

Ákærði kvaðst hafa verið undir áhrifum áfengis og lyfja frá því í mars og fram í júní stöðugt og hefði hann staðið í þeirri trú, að hann hefði verið staddur á öðrum stað á þeim tíma, er atburðurinn gerðist.

Ákærði sagði, að lyfjanotkun sinni væri rétt lýst í síðari skýrslu sinni hjá rannsóknarlögreglunni. Þá kvaðst hann einnig hafa neytt áfengis samfara lyfjanotkuninni.

Ákærði fór í meðferð á Sogni og Silungapollu í júní og í beinu framhaldi af því í refsivist, sem lauk í september, og að henni lokinni aftur í 10 daga meðferð.

Ákærða var bent á það, að hann hefði játtað sakargiftirnar í dómi. Ákærði kvað ástand sitt hafa verið þannig vegna áfengis- og lyfjaneyslu, að hann hefði ekki getað gert annað.

Vitnið Jón Örn Guðmundsson skýrði svo frá við meðferð málsins, að það hefði gengið vestur Vesturgötu á leið í Naustið um kl. 22 að kvöldi umrædds dags. Var vitnið mjög drukkið og mundi óljóst eftir ferðum sínum. Vitnið gekk á miðri götunni, og ekki mundi það, hvort það var með áfengi meðferðis. Þegar vitnið var á móts við Vesturgötu 6, komu á móti því þrír menn, og gengu þeir eftir nyrðri gangstétt götunnar. Vitnið sneri sér að mönnum þessum, en ekki mundi vitnið, hvert erindið var. Það taldi þó, að það hefði verið að biðja um peninga eða sjúss. Tóku mennirnir þessu illa, en ekki gat vitnið lýst því, hvernig það gekk fyrir sig í smáatriðum. Það mundi þó, að tveir mannanna þrifu í sinn hvorn handlegg vitnisins og héldu því. Sneru þeir þá að þriðja manninum svo og vitnið sjálft, en hann sparkaði í vitnið nokkrum sinnum, og komu spörkin í læri vitnisins,

en eitt sparkið á milli fóta vitnisins, svo að það fann eitthvað til, en þó ekki mikið.

Eftir þetta spark losnaði vitnið fljótlega, en ekki gerði það sér grein fyrir því, hvort það var vegna þess, að piltarnir slepptu því, eða hvort það náði að losna sjálft.

Vitnið heyrði engin orðaskipti fara á milli mannanna, áður en það fékk spörkin, sem bentu til þess, að það væru samantekin ráð þeirra að sparka í vitnið.

Vitnið sagði, að það væri byggt á ágiskunum, þegar það taldi um 3 spörk í skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni.

Eftir spörkin fór vitnið fyrst inn í Naustið, en síðan fór það í Óðal, og þar sá það mann, sem það taldi vera manninn, sem hafði sparkað í það fyrr um kvöldið. Var það rauður jakki, sem maðurinn klæddist, sem sérstaklega ræð þessu álitni vitnisins.

Vitnið hitti í veitingahúsinu stúlku, sem það þekkti, og upp-lysti hún, hver maðurinn væri.

Vitnið kvaðst ekki hafa þekkt manninn við skoðun mynda hjá rannsóknarlögreglunni, og þegar það sá ákærða í dóminum, gat það ekki fullyrt, að hann væri maðurinn, sem sparkaði í það.

Vitnið las yfir í dóminum skýrslu sína hjá rannsóknarlögreglunni, kannaðist við nafnritun sína undir henni og sagði hana rétt eftir sér hafða. Vitnið vildi þó taka fram, að það væri fullsterkt til orða tekið, að piltarnir hefðu ráðist að því, og eins og áður greinir ekki fullvíst, að spörkin hefðu verið þrjú.

Vitnið staðfesti, að það hefði viljað draga kærana til baka.

Vitnið sagði, að það hefði hitt ákærða, eftir að atburðurinn gerðist, en sú viðkynning hefði ekki rifjað upp fyrir því frekar, það sem gerðist og að það hefði verið ákærði, sem sparkaði.

Vitnið Ingibjörg Guðrúnardóttir Guðmundsdóttir kom fyrir dóm við meðferð málsins og vann eið að framburði sínum.

Vitnið kvaðst hafa verið statt í Óðali síðla kvölds 8. maí f. á., þegar það hitti þar Jón Örn Guðmundsson, sem virtist töluvert drukinn. Þá var eins og honum liði ekki beint vel. Í samræðum þeirra kom fram, að hann hefði fyrr um kvöldið fengið spark í kynfærin. Á meðan þau voru að ræða saman, bar að ákærða og einhvern með honum. Í framhaldi af því sagði Jón Örn vitninu, að þetta væri hann eða þeir, sem hefðu sparkað í sig. Þá kom fram af hálfu Jóns Arnar, að þeir hefðu deilt um vínflösku.

Vitnið taldi sig geta fullyrt, að fram hefði komið í samtalinu við ákærða og Jón Örn, að þeir hefðu átt einhver samskipti fyrr

um kvöldið, en ekki mundi vitnið, hvort ákærði játaði í viðurvist þess að hafa sparkað á milli fóta Jóni Erni.

Vitnið sagði, að ákærði hefði komið svo fyrir sjónir umrætt sinn, að hann væri undir áhrifum áfengis.

Vitnið sagði, að ákærði hefði verið í rauðum bol eða skyrtu, en sjálf fötin verið dökk.

Vitnið staðfesti í dóminum áðurgreinda skýrslu sína hjá rannsóknarlögreglu ríkisins og sagðist hafa gefið hana eftir bestu vitund.

Vitnið var spurt að því, hvort fullyrðing þess um játningu ákærða á brotinu, sem fram kæmi af hálfu vitnisins hjá rannsóknarlögreglunni, væri nákvæmlega rétt eftir höfð. Vitnið kvaðst sjálft hafa lesið skýrsluna yfir, áður en það undirritaði hana, og gert það í þeirri fullvissu, að hún væri rétt.

Vitnið Ingvar Friðbjörn Sveinsson skýrði svo frá við meðferð málsins, að það kannaðist alls ekki við að hafa verið á ferð á Vesturgötu með ákærða í það skipti, sem ákærði ætti að hafa sparkað í manninn á þeim stað.

Vitnið stóð í þeirri trú, þegar það gaf skýrsluna hjá rannsóknarlögreglu ríkisins, að það hefði verið í Reykjavík á þessum tíma, en síðar kom í ljós í viðtali við móður vitnisins, að það hefði talað við hana frá Króksfjarðarnesi um hádegi 8. maí sl. Þetta vissi móðir vitnisins, þar sem hún hafði í höndum símareikning vegna þessa samtals, sem vitnið bað um og lét skrifa á heimasíma móður sinnar.

Vitnið kvaðst hafa komið í Mosfellssveitina um kl. 23 sama daginn og áðurgreint símtal átti sér stað og kom ekkert til Reykjavíkur, fyrr en komið var fram á nóttina.

Vitnið sagði, að það teldi sig hafa verið búíð að vera vestur í Hnífsdal um vikutíma, áður en það lagði af stað til Reykjavíkur í ferðina, sem símtalið átti sér stað í.

Vitnið Snæbjörn Friðbjarnarson kvaðst við meðferð málsins alls ekki kannast við að hafa verið með ákærða kvöldið, sem hann átti að hafa sparkað í Jón Örn Guðmundsson á Vesturgötu í Reykjavík.

Vitnið kvaðst ekki hafa verið öruggt á þessu, þegar það mætti í yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins í júní á sl. ári. Síðar gat vitnið rifjað upp, að umrætt kvöld hefði Ingvar Friðbjörn sótt það suður í Hafnarfjörð, en þá var hann að koma vestan af fjörðum.

Vitnið byggði dagsetninguna á viðtali við móður Ingvars Frið-

björns, sem taldi, að hann hefði ekki verið kominn suður eða rétt nýkominn, þegar umræddur atburður átti að hafa átt sér stað.

Vitnið Sigurbjörn Víðir Eggertsson rannsóknarlögreglumaður, Yrsufelli 40 í Reykjavík, gaf skýrslu við meðferð málsins.

Vitnið kvaðst hafa látið lýsa eftir ákærða, eftir að kæra Jóns Arnar hafði borist rannsóknarlögreglunni.

Vitnið fékk tilkynningu um það, að ákærði væri í vörslum lögreglunnar, og minnti vitnið, að því hefði verið tilkynnt um það að morgni dags um helgi. Í framhaldi af því var ákærði færður í yfirheyrslu hjá vitninu í húsakynnum rannsóknar-lögreglu ríkisins.

Vitnið sagði, að ákærði hefði verið sjúkaður, þegar hann kom til yfirheyrslunnar, og litið út fyrir að hafa verið í óreglu um tíma. Minnti vitnið, að hann hefði haft á orði, að hann hefði auk áfengis neytt lyfja um tíma. Vitninu virtist ákærði áttaður á stað og stund, þegar yfirheyrslan hófst, og að mati vitnisins var hann allsgáður.

Vitnið taldi ákærða hafa játað greiðlega og hefði það ekki þurft að leiða hann í yfirheyrslunni. Vitnið sagði, að ákærði hefði nefnt mennina, sem með honum voru, og auk þess hafði hann orð á því að fyrra bragði, að minnst hefði verið á árásina í veitingahúsinu Óðali, en ekki mundi vitnið til þess, að hann nafngreindi, hver það hefði verið.

Vitnið sagði, að ákærða hefði verið kynnt skýrsla kæranda í upphafi yfirheyrslunnar efnislega, en atburðarásin hefði ekki verið rakin fyrir honum. Vitnið sagði, að ákærði hefði lýst atburðarásinni sjálfur og hefði það ekki þurft að aðstoða hann í því með því að benda honum á einstök atriði.

Vitnið kunni enga skýringu á því, hvers vegna fyrsta yfirheyrslan yfir ákærða hjá rannsóknarlögreglu ríkisins tók rúma klukkustund, og taldi, að hún hefði aðeins tekið eðlilegan tíma.

Vitnið minnti, að það hefði í upphafi yfirheyrslunnar sagt ákærða, að árásin hefði átt sér stað á Vesturgötunni.

Vitnið minnst þess ekki, að ákærði hafi nokkurn tímann farið fram á að draga vitnisburðinn til baka.

Vitninu er kynntur framburður ákærða við þingfestingu málsins. Vitnið hélt fast við framburð sinn fyrir dóminum og kannaðist ekki við, að ákærði færi með rétt mál að því er snerti samskipti þeirra vegna málsins.

Ákærði kvaðst halda fast við framburð sinn og kvaðst ekkert muna eftir atburðinum.

Ákærði kvaðst einnig halda fast við það, að vitnið hefði leitt hann í yfirheyrslunni. Vitnið kvaðst mótmæla þessum framburði.

Vitnið var viðstatt, þegar ákærði kom fyrir dóm síðdegis 3. júní sl., og taldi, að ástand hans þá hefði verið svipað og um morguninn.

Með framburði vitnanna Jóns Arnar og Ingibjargar, sem studdir eru áðurgreindu læknisvottorði, er sannað, að Jón Örn hafi orðið fyrir líkamsárás með þeim afleiðingum, sem um getur í ákæru og læknisvottorði. Þá þykja sömu gögn sanna, að þetta hafi átt sér stað 8. maí 1979.

Með játningu ákærða fyrst hjá rannsóknarlögreglu 3. júní sl. og síðar fyrir dómi sama dag, sem framburður vitnanna Jóns Arnar og Ingibjargar styður, svo og það, að ákærði gerði enga athugasemd við framburðinn í yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni 23. október sl., þykir sannað þrátt fyrir framburð ákærða við meðferð málsins, að hann hafi valdið Jóni Erni þessum áverkum með þeim hætti, sem um getur í ákæru, þó þannig, að með hliðsjón af dómsframburði Jóns Arnar þykir ósannað, að spörkin hafi verið þrjú, heldur hafi verið um eitt spark að ræða, enda flutti sækjandi málið á þeim grundvelli, að fallið væri frá þeirri lýsingu í ákæru, að spörkin hefðu verið þrjú. Varðar þessi líkamsárás ákærða við 218. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

- 1974 9/7 í Ísafjarðarsýslu: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.
- 1974 5/8 Reykjavík: Sátt, 2.000 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.
- 1974 20/7 Reykjavík: Sátt, 1.500 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.
- 1974 28/12 Reykjavík: Sátt, 2.000 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.
- 1975 30/10 Reykjavík: Sátt, 3.000 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.
- 1975 8/12 Reykjavík: Dómur: 8 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 252. gr. hegningarlaga.
- 1975 19/12 Reykjavík: Dómur: 4 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. og 259. gr. hegningarlaga.

- 1976 3/1 Reykjavík: Sátt, 2.000 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.
- 1976 9/3 Reykjavík: Dómur: Sakfundinn fyrir brot gegn 217. gr. og 254. gr. hegningarlaga. Ekki gerð sérstök refsing.
- 1976 9/12 Reykjavík: Dómur: 3 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. og 259. gr. hegningarlaga.
- 1976 22/12 Reykjavík: Sátt, 30.000 kr. sekt fyrir brot gegn 25. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi í 6 mánuði frá 22/12 1976.
- 1977 26/1 Reykjavík: Dómur: 2.000 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.
- 1977 1/6 Reykjavík: Dómur: Sakfelldur fyrir brot gegn 155. gr., 244. gr., 254. gr. og 259. gr. hegningarlaga. Ekki gerð sérstök refsing.
- 1977 3/6 Reykjavík: Dómur: 4 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 155. gr. og 244. gr. hegningarlaga.
- 1978 30/5 Reykjavík: Dómur: 4 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. og 246. gr. hegningarlaga.
- 1978 18/12 Reykjavík: Sátt, 10.000 kr. sekt fyrir brot gegn 257. gr. hegningarlaga.
- 1979 19/2 Reykjavík: Dómur: 3 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 155. gr. og 244. gr. hegningarlaga.
- 1979 23/8 Reykjavík: Dómur: 2 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 155. gr. og 244. gr. hegningarlaga.
- 1979 3/11 Reykjavík: Sátt, 4.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1980 24/1 Reykjavík: Dómur: 4 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 155. gr. hegningarlaga.

Við ákvörðun refsingar ber að athuga, að árásin var tilefnislaus, að hún beindist að viðkvæmum stað og hafði alvarlegar afleiðingar, sakaferil ákærða og 78. gr. almennra hegningarlaga. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin með hliðsjón af þessu fangelsi í 6 mánuði.

Rétt þykir samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga, að áðurgreint gæsluvarðhald ákærða, 5 dagar, komi refsingu hans til frádráttar.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 180.000

krónur, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, 180.000 krónur.

Pétur Guðgeirsson, fulltrúi ríkissaksóknara, flutti málið af hálfu ákæruvaldsins.

Dómsorð:

Ákærði, Bjarni Leifur Pétursson, sæti fangelsi í 6 mánuði. Til frádráttar refsingunni skal koma 5 daga gæsluvarðhaldsvist ákærða.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun, 180.000 krónur, er renni í ríkissjóð, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, 180.000 krónur.

Fimmtudaginn 10. nóvember 1981.

Nr. 3/1980.

Örn Svavarsson

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

gegn

Magnúsi Ólafssyni

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Lausafjárkaup. Gallar. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 7. janúar 1980. Hann krefst aðallega sýknu, en til vara lækkunar á kröfum stefnda. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann með þeirri breytingu, sem stafar af lögum nr. 35/1979.